

**Sp.**

**341. Breytingartillaga**

[52. mál]

við frv. til l. um breyt. á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953.

Frá Jóni Árnasyni og Ásgeiri Bjarnasyni.

Á undan 1. gr. bætist ný gr., svo hljóðandi:

Á eftir 1. másl. 2. málsgr. 10. gr. laganna bætist nýr másl.:

Ráðherra getur þó ákveðið, að sama skuli gilda um sjúkrahús, sem er sérstaklega vel búið að tækjum til sjúkdómsgreiningar og meðferðar og hefur fastráðið eða ákveðið að ráða til starfa nægilega marga lækna til þess að leysa af hendi þau störf, sem eru við hæfi þess, þó ekki færri en þrjá.